



Alþjónusta við prentun

Rent a Prent

Fjárfesting í prentbúnaði getur reynst dýr og vandmeðfarin. Einnig getur prentkostnaður verið falinn og ófyrirséður. Rent a Prent Skyggis tryggir rétta búnaðinn, fyrirséðan prentkostnað, fulla þjónustu og þar með lægri rekstrarkostnað fyrir þig. Skyggis leggur til búnaðinn og þú prentar.

Við leggjum til búnaðinn og sérfræðiþekkingu

Skyggis leggur til allan búnað til prentunar, skönnunar og ljósritunar. Skyggis leggur einnig til rekstrarvörur, pappír og varahluti, auk sérfræðiþekkingar á prentlausnum. Skyggis sér um uppsetningu á tækjum, miðlægum búnaði og aðgangsstýringu.

Innifalið í lausninni er:

- Vandaður prentbúnaður fyrir prentun, skönnun og ljósritun
- Hugbúnaður til aðgangsstýringar
- Uppsetning og kennsla
- Rekstrarvara svo sem tóner, pappír, hefti
- Fyrirbyggjandi viðhald og varahlutir
- Öll vinna vegna bilana, þrifa og fyrirbyggjandi viðhalds
- Fjarvöktun 24/7/365
- Forgangþjónusta

Þú prentar

Þú prentar og greiðir fyrir hvert prentað eintak. Kostnaður ákvarðast af áætluðu prentmagni og samkvæmt þínum óskum um þjónustustig. Þú þarft ekki að velta fyrir þér prentbúnaði, bilunum eða innkaupum á rekstrarvörum; allt er innifalið í samningnum. Aðgangsstýring tryggir að viðkvæmar upplýsingar liggja aldrei á tækjum og mögulegt er að sækja prentverk í hvaða prentara sem er. Með þessu fylgir einnig aukið öryggi við skönnun skjala. Þú færð reglubundnar skýrslur um notkun og skiptingu kostnaðar milli deilda/sviða.

Lausnin

Lausnin hefur verið í þróun frá árinu 2001. Lausnin byggir á því að sérfræðingar okkar greina prentun hvers viðskiptavinar okkar til að unnt sé að velja hagkvæmasta búnað hverju sinni. Þannig fást hámarks afköst m.v. umfang. Í dag eru u.þ.b. 15.000 Rent a Prent notendur á Íslandi.

Lausnin býður upp á ýmsa aðra möguleika, m.a. má stýra álagi á prentbúnaðinn, koma í veg fyrir misnotkun o.fl. Einnig er mögulegt að innheimta prentkostnað samkvæmt notkun og dreifa þannig prentkostnaði eftir notkun einstaklinga eða deilda. Lausnin hentar jafnt fyrirtækjum, stofnunum og skólum.

Þjónustumiðstöð Skyggis er alltaf opin 24/7/365

Ef vandamál koma upp þá eru sérfræðingar Skyggis þér alltaf innan handar. Þjónustumiðstöð Skyggis er á vakt allan sólarhringinn allan ársins hring og þar færðu aðgang að bestu sérfræðingum landsins í upplýsingatækni og samskiptalausnum.

Hafðu samband við söluráðgjafa Skyggis til að fá frekari upplýsingar um Rent a Prent Skyggis. Síminn er **516 1000** og netfangið: sala@skyggis.is

